



Reykjavík 11. mars 2017

Starfsskýrsla Yndisgróðurs fyrir árið 2016.

Annar áfangi verkefnisins Yndisgróður hófst vorið 2014 og líkur vorið 2017. Unnið er eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmiðið verkefnisins er að koma á markað íslenskum úrvalsplöntum garð- og landslagsplantna.

Markmið 1 Unnið var að vöktun safna Yndisgróðurs eins og undanfarin ár. Umhirða við söfnin s.s. illgresishreinsun var með besta móti þar sem við höfðum aðgang að sumarstarfsmanni til aðstoðar við tilfallandi verkefni. Áburðagjöf og klippingu var viðhaldið og bætt í söfnin þar sem plöntur höfðu drepist.

Markmið 2 Yrki sem valin voru til framleiðslu sumarið 2014 voru kynnt með því að útbúa almennar lýsingar á þeim sem finna má á heimasíðunni. Safnað var fræi af úrvalsyrki af bersarunna (uppruni Cordova. Alaska ÓVH 1985) á Reykjum og dreift til framleiðenda. Yrkisnefnd kom saman á Reykjum í september og ræddi stefnu og markmið með vali á úrvalsyrykjum. Samhljómur var um að nauðsynlegt sé að skoða tilgang þess að velja fleiri yrki og meta vel hvað hefur verið valið áður og hvað vantar upp á út frá eftirspurn og því hvaða gildi yrkið hefur. Tillögur að nokkrum yrkum voru bornar upp og verður lögð vinna í að meta þessa þætti á vordögum 2017 áður en ákvörðun um val á yrkjum verður tekin. Boðið var upp á græðlingatöku fyrir garðplöntuframleiðendur og hagsmunaaðila á Reykjum í byrjun ágúst. Kannað var meðal framleiðenda hvernig gengur að markaðssetja úrvalsyrki.

Markmið 3 Plöntuteikningar af Yndisgróðum á heimasíðu voru endurnýjaðar <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/1338> og umhirðu við garðana sinnt (sbr. markmið 1). Skráning á upplýsingum um plöntur í gagnagrunn hélt áfram eins og undanfarin ár.

Markmið 4 Í yndisgarðinum á Hvanneyri voru undirbúin fimm ný beð sem eru tilbúin til gróðursetningar og lokið var við að gróðursetja í víðisafnið. Samræður hafa verið við Akureyrarbæ um að koma upp yndisgarði í Kjarnaskógi.

- a. Nokkrar nýjar trjátegundir voru gróðursettar á árinu. Í nýju verkefni er gert ráð fyrir að efla rannsóknir á minni trjátegundum sem henta í borgarumhverfi og í minni garða.
- b. Hluti af þeim plöntum sem fluttar voru inn í samstarfi við garðplöntuframleiðendur frá rannsóknarstöð landbúnaðarins í Finnlandi (LUKE) voru gróðursettar í söfn Yndisgróðurs.
- c. Ekki var sérstaklega farið í söfnun á íslenskum efnivið plantna sem hentað gætu sem garð- og landslagsplöntur.
- d. Haldið var áfram að safna og planta fjölærum plöntum í safnið í Fossvogi með áherslu á plöntur sem krefjast lítillar umhirðu fyrir bæjarfélög o.fl. og var nokkuð af plöntum sem voru fluttar inn í samráði við Mörk árið áður settar niður, m.a. komið upp beði með skrautgrósum (29 tegundir og yrki) sem ekki hafa verið reynd hér á landi áður.

Markmið 5 Gefin var út skýrsla í ritröð Lbhl um götutrú og val á tegundum „Ræktun götutrjáa í þéttbýli og val á tegundum“ sem má finna á heimasíðu Yndisgróðurs <http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/2470>.

Stýrihópur kom saman 2x á ári að venju. Boðið var upp á fræðslu fyrir almenning í yndisgörðunum á Hvanneyrardeginum í júní og fræðsludegi í Kópavogi í maí. Báðir þessir viðburðir voru óvenju vel sóttir. Heimasíðu YG <http://yndisgrodur.lbhi.is/> er viðhaldið og nýtt efni sett inn með það að markmiði að höfða til almennings og áhugafólks. Facebook síða félagsins hefur einnig nýst vel í þeim tilgangi en heimsóknnum á síðuna hefur fjölgað verulega frá því í fyrra. Verkefnið Yndisgróður var kynnt í grein sem birtist í morgunblaðinu í júní.

Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir